

Ég skal vera Grýla. Margrét Pála Ólafsdóttir í lífsspjalli

Bókarhöfundur: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Bókarheiti: Ég skal vera Grýla. Margrét Pála Ólafsdóttir í lífsspjalli

Gagnrýnandi: Auður Styrkarsdóttir, stjórn málafræðingur

Útgáfa: Mál og Menning, Reykjavík 2008, 295 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Frásögnin af starfi Margrétar Pálu fyrir Samtökin 78 lýsir mikilli baráttukonu sem kann bæði að vinna að settu marki og setja það hátt. Margrét Pála lýsir ýmsum merkjum áföngum í þessari baráttu. Nokkru þúðri er eytt í Hjallastefnuna og ljóst að mikið gekk á ... stefnan, hafði þó fullan sigur að lokum, enda hugsa foreldrar með hjartanu, segir Margrét Pála og bendir á að stuðningurinn hafi komið mestur og bestur úr þeirra hópi."*

Í BIRTU FRÁ BARÁTTUKONU

Það er víst óhætt að segja að Margrét Pála Ólafsdóttir, eða Magga Pála, sé ein af þessum Íslendingum sem „allir“ kannast við – og kannski ekki af góðu einu hér áður fyrr, þótt fæstir myndu vilja gangast við slíkum dómum nú. Margrét Pála tók virkan þátt í störfum verkalýðshreyfingarinnar og hins sáluga stjórn málaflokks Alþýðubandalagsins á 9 áratug síðustu aldar og vakti athygli fyrir ákveðni og röggsemi í tilsvörum. Tíunda áratuginn helgaði hún að mestu baráttu fyrir mannréttindum homma og lesbía og vakti þar marga landsmenn upp af værum blundi fyrir ákveðni sakir. En síðast og ekki hvað síst er það ákveðin stefna í uppeldismálum sem kennd er við leikskólann Hjalla við Hjallabraut í Hafnarfirði sem heldur nafni hennar á lofti. Magga Pála og Hjallastefnan; fyrir mörgum er það Málið. Titill bókarinnar, Ég skal vera Grýla, er fengin úr starfi hennar á Hjalla, en það getur líka átt við um verkalýðsbaráttu hennar og baráttu fyrir samkynhneigða, þótt með öðrum hætti sé. Í hugum margra samtíðarmanna var ákveðin Margrétar Pálu og röggsemi tákngevingur grýlunnar, þjóðsögukerlingarinnar ógurlegu sem engu og engum eirir.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir á heiðurinn af því að hafa tekið Margrét Pálu Ólafsdóttur í langt viðtal og gefið því það frumlega nafn, lífsspjall. Margrét Pála segir sjálf á einum stað (s. 213) að hún sé félagslegt frávik og kjaftfor og erfið. Allt er það satt og rétt - ef miðað er við lognmollur og mélkisur. En Magga Pála er hvorugt. Hún er hrein og bein svo af ber, og að því leytinu til er hún ein „beinasta“ (straight) persóna íslensk sem ég hef kynnst, þótt mest sé úr fjarlægð. Og hún er heldur engin kokkempa, öðru nær. Hún hefur frá mörgu að segja og miklu að miðla.

Fyrstu tveir kaflar bókarinnar segja af bernsku- og unglingsárum Margrétar Pálu, fyrst á Hólsfjöllum og síðar á Akureyri. Hér uppgötva lesendur að mjög stutt er síðan lífsbaráttan gat verið ákaflega erfið venjulegu launafólki. Foreldrar hennar reyndu fyrir sér með búskap en urðu að láta í minni pokann fyrir annars vegar harðbýli og hins vegar veikindum móður Margrétar Pálu. Hún var sjö ára þegar foreldrar hennar tóku sig upp einn góðan veðurdag, að því er virtist fyrirvaralaust, hlóðu bílinn og kerru af því nauðsynlegasta og óku af stað. Húsið var skilið eftir með öllum húsgögnum og öðru dóti og jafnvel fatnaði. Í augum barnsins var þetta harmrænn atburður og óskiljanlegur og situr í minni ævilangt. Þar á eftir var fjölskyldan á hrakhólum og frásögnin af því öll óljós, enda kannski óljós tími í huga og minni höfundar. Þau settust síðan að á Akureyri, sem tók Margrét Pálu ekki vel, að því er henni fannst, enda á engan hátt tilbúin að flytja af Fjöllum. Unglingsárin reyndust henni erfið, en skátarnir komu henni til bjargar. Þar lærði hún einnig að stjórna og stýra. Þegar horft er til uppvaxtarára Margrétar Pálu og veganestis hennar, bæði úr foreldrahúsum og frá skátunum, þá verður allt hennar félagsmálavafstur og lífssýn miklu skiljanlegra, gott ef ekki allt saman sjálfsagt!

Söguhetja okkar flutti til Reykjavíkur að læra við Fósturskólann liðlega tvítug og gerðist sannkallað félagsmálatröll. Hún varð samstundis virk í starfi í skólanum og var um tíma fomaður nemendafélagsins þar og átti þátt í stofnun Bandalags íslenskra sérskólanema. Hún tók þátt í verkalýðsbaráttunni af hálfu síns stéttarfélag og var virkur félagi í Alþýðubandalaginu. Nokkuð er vikið að þessum atriðum í ævi Margrétar Pálu í kafla sem heitir „Pólitíkin“ og tekur yfir aðeins 10 bls. Hér er margt á reiki og margt á huldu og mikið sem lesandinn vill fá að vita meira. Til dæmis: Hvað voru Samtök kvenna á vinnumarkaði? Eða Samtök um kvennaathvarf? Hvað gerði BSRB-verkfallið 1984 svona merkilegt eða sérstakt? Hvað er BSRB? Eða Alþýðubandalagið? Hvenær sögðu þær Margrét Pála, Bjarnfríður Leósdóttir, Stella Hauksdóttir og Dagbjört Sigurðardóttir sig úr Alþýðubandalaginu? Sú sem þetta skrifar veit þessi svör, en bókarhöfundar mega aldrei treysta á minni eða þekkingu lesanda. Það rýrir gildi bókar samstundis, og gerir hana nánast ónothæfa þegar frá líður.

Frásögnin af starfi Margrétar Pálu fyrir Samtökin 78 lýsir mikilli baráttukonu sem kann bæði að vinna að settu marki og setja það hátt. Mikið vatn er runnið til sjávar frá því hún var formaður samtakanna 1994 og ljóst að hér hefur verið lyft Grettistaki í málefnum samkynhneigðra. Sem dæmi má taka að þegar fyrsta Gay Pride gangan var farin árið 1990 mættu aðeins 69 manns! Nú er hún fjölmennasta útiskemmtun landsins. Margrét Pála lýsir ýmsum merkjum áföngum í þessari baráttu og hér hefur heldur betur átt að fletta upp í blöðum og samtímaheimildum til þess að fá dagsetningar og ártöl og annað sem máli skiptir á hreint, því þessi lesandi hér var a.m.k. dálítið úti að aka yfir því fyrir hverju var verið að berjast hverju sinni á bls. 119-142, nema hvað öllu þokaði til betri vegar.

Nokkru púðri er eytt í Hjallastefnuna og baráttuna fyrir leikskóla sem var heldur betur öðru vísi en allir aðrir á landinu (ef ekki á byggðu bóli). Hér er á ferðinni ákaflega skýr stefna, bæði að markmiðum og leiðunum að þeim. Margrét Pála segir að kennarar séu lífverðir og löggur (s. 200) og hagar starfseminni og uppeldinu eftir því. Af einhverjum ástæðum er umræða um frelsi Íslendingum ekki töm, ekki frekar en umræða um lýðræði eða önnur óhlutbundin hugtök. Hér er því hlutunum oft ruglað saman og þannig engin greinarmunur gerður í almennri umræðu á valdbeitingu annars vegar og aga hins vegar. Íslenskar uppeldisstéttir hafa upp til hópa tileinkað sér almenna en óljósa frjálslyndisstefnu í uppeldismálum og birtist hún m.a. í því að flestir kvarta undan agaleysi íslenskra barna og ungmenna (en fáir þó eins og uppeldisstéttirnar!). Í mínum huga hefur umræða um þetta átt að vera allsráðandi þegar Hjallastefnan birtist, en í stað þess var bitist um kynjaskiptingu. Margrét Pála gerir grein fyrir þeim umræðum og baráttu og ljóst að mikið gekk á. Hún, eða öllu heldur stefnan, hafði þó fullan sigur að lokum, enda hugsa foreldrar með hjartanu, segir Margrét Pála og bendir á að stuðningurinn hafi komið mestur og bestur úr þeirra hópi en ekki frá fagstéttunum. Þetta er fróðleg lesning og gott að hafa á blaði, en hér sem fyrr er dagsetningum og öðru slíku ekki haldið til haga, sem er – enn og aftur – mikill skaði.

Nú er bara eftir að nefna það sem stendur kannski næst persónunni Margréti Pálu Ólafsdóttur, semsé veikindi móður hennar, samkynhneigðin og „djammið og sullið“ sem hún kallar áfengisbólið sem fylgdi henni langa hríð. Allt þetta mótaði manneskjuna og mótar alla ævi, því í rauninni erum við eins og búmerangið hinna áströlsku frumbyggja. Þegar við höfum náð hæstu hæðum og lengstri vegferð leitum við þá ekki heim á ný, í upprunann, móðurfaðminn? Margrét Pála gerir þessum þáttum góð skil og dregur ekki undan áhrifin, hvorki til góðs né ills. Persónulega þótti mér mest um vert að lesa um þau áhrif sem geðhvarfasýki móður hennar hafði á allt fjölskyldulífið og mótaði barnshugann. Það er lesning sem seint gleymist, en gott til þess að vita að engar brýr voru brotnar og móðir hennar fékk í raun þá bestu umönnun sem til var á þeim tíma. Hún var bara ekki meiri né betri en þetta, og svo þurfti að burðast með blekkingaleikinn þar fyrir utan. Á því sviði á eftir að lyfta nokkrum Grettistöku og vafalítið mun Margrét Pála ekki láta sitt eftir liggja ef marka má það sem á undan er komið í ævi þessarar merku baráttukonu.